

# RAFIDNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

## 13.FUNDUR MIÐSTJÓRNAR HALDINN FÖSTUDAGINN 6 JÚNÍ 2012.

### Mæting:

Ómar Baldursson, Grétar Guðmundsson, Eva K Conteh Benjamínsdóttir, Kristín Benediktsdóttir, Sigurður Invarsson, Júlía Björk Þórðardóttir, Sighvatur D Sighvatz, Svanborg Hilmarsdóttir, Davíð E Sigmundsson, Jakob Tryggvason, Einar Ág Kristinsson, Hafliði Sívertsen, Bára Halldórsdóttir, Kristján Þórður Snæbjarnarson, Sigurður Sigurðsson, Jens H Ragnarsson, Helgi Jónsson.

### Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Tilboð í byggingu orlofshúss Vaglaskógi.
3. Ósk Félags bókagerðamanna um flutning að Stórhöfða 31
4. Önnur mál.

### 1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt án athugasemda.

Halldór Oddsson lögfræðingur sambandsins ávarpaði því næst fundinn og sagðist vera að hverfa á vit nýrra ævintýra og þakkaði félagsmönnum og samstarfsfólki samstarfið. Halldór hefur störf hjá ASÍ 1 september n.k.

### 2. Tilboð í byggingu á orlofshúsi í Vaglaskógi.

4 aðilum var boðið að taka þátt í útboði á byggingu nýs hús í Vaglaskógi. 2 aðilar sendu inn tilboð. Samþykkt að taka tilboði frá Valmönnum, en það hljóðaði uppá kr. 46.643.365.-

Verkbyrjun er í september 2012 og verklok verða 15 maí 2013.

Húsið er 70m<sup>2</sup> á einni hæð með ca 56m<sup>2</sup> risi ásamt 11,1m<sup>2</sup> baðhúsi og tæknirými.

Húsin verða fullkláruð að utan sem innan. Verönd frágengin með skjólveggjum. Lóð jöfnuð og þökulögð þar sem á henni hefur orðið rask vegna framkvæmda.

Samþykkt í miðstjórn að taka þessu tilboði.

### **3. Ósk bókagerðamanna um flutning að Stórhöfða 31.**

Bókagerðamenn eru búnir að selja húsnæði sitt, og hafa formlega óskað eftir að fá inni hér á Stórhöfðanum. Það er þeim mikið kappsmál að flytja til okkar hingað að Stórhöfða 31 og hugsanlega kaupa hluta af húsinu. Ýmis rök mæla með því, s.s. að rekstrarkostnaður yrði lægri ef fleiri koma að rekstrinum

### **4. Önnur mál.**

Skógarnes.

Mikill skortur er á vinnuvélum á svæðinu, aðeins til 1 dráttarvél. Kaupa þarf fjölnota gröfu sem hægt verður að nota við hin ýmsu verk.

Samþykkt að skoða með kaup á svona „græju“ fyrir næsta vor. Vanda verður valið, og skoða vel hvaða tæki myndi henta á svæðinu.

Næsti fundur miðstjórnar verður haldinn 31 ágúst 2012.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl 15.40

Fundargerð: Helgi Jónsson ritari

